

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

Ársreikningur

2011

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
Skógarbraut 945
235 Reykjanesbær
kt. 640479-0279

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

Ársreikningur

2011

Efnisyfirlit

Áritun óháðra endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3
Tekju- og gjaldareikningur	4
Efnahagsreikningur	5-6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-14

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eignaraðila Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma tekju- og gjaldareikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á árinu 2011, efnahag þess 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjanesbær 15. mars 2012

Deloitte ehf.

Anna Birgitta Geirfinnsdóttir

endurskoðandi

Við undirritaðir, félagskjörnir skoðunarmenn ársreikninga Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, höfum yfirfarið ársreikninginn og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjanesbær, 15. mars 2012

Skýrsla stjórnar

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum er fyrirtæki í eigu sveitarfélaganna á Suðurnesjum og hlutverk þess er að annast ýmis sameiginleg verkefni fyrir þau. Stærri verkefni eru fjármögnuð með lántöku og endurgreiða sveitarfélögin þau eftir því sem afborganir og vextir af lánsfjármögnun falla til.

Á árinu störfuðu að meðaltali 6,7 starfsmenn hjá sambandinu miðað við heilsársstörf við starfsemi þess en hluti launakostnaðar er síðan gjaldfærður hjá Sorpeyðingarstöð Suðurnesja. Laun og launatengd gjöld færð á rekstur sambandsins á tímabilinu námu samtals 53,3 milljónum króna. Tekjuafgangur ársins nam um 2,9 milljónum króna og eigið fé í lok ársins var um 32,1 milljón króna.

Stjórn og framkvæmdarstjóri Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum staðfesta hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 15. mars 2012


Í stjórn




Olafur Þór Ólafsson
stjórnarformaður




Bryndís Gunnlaugsdóttir



Einar Jón Pálsson



Gunnar Þórarinnsson



Inga Sigrún Atladóttir

Framkvæmdastjóri



Berglind Kristinsdóttir

Tekju- og gjaldareikningur ársins 2011

	Skýr.	2011	Áætlun 2011	2010
Tekjur				
Rekstrartekjur		271.912.022	196.138.000	258.335.541
Aðrar tekjur		0	0	1.000.000
Fjármunatekjur verkefna	4	126.335	0	9.646
		<u>272.038.357</u>	<u>196.138.000</u>	<u>259.345.187</u>
Gjöld				
Laun og tengd gjöld	3	(53.318.630)	(38.455.000)	(51.703.829)
Önnur rekstrargjöld		(58.145.020)	(28.963.000)	(54.892.011)
Styrkir		(70.260.000)	(34.220.000)	(54.049.999)
Fjármagnsgjöld verkefna	5	(19.051.124)	(14.315.693)	(20.231.418)
Breyting á útlögðum kostnaði verkefna		(78.164.651)	(80.184.307)	(94.025.277)
		<u>(278.939.425)</u>	<u>(196.138.000)</u>	<u>(274.902.534)</u>
Rekstrarhagnaður (tap)		(6.901.068)	0	(15.557.347)
Fjármunatekjur	4	10.366.073	0	6.682.704
Fjármagnsgjöld	5	(552.163)	0	(2.333.155)
Tekjuafgangur (halli) ársins		<u>2.912.842</u>	<u>0</u>	<u>(11.207.798)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2011

Eignir	Skýr.	31.12.2011	31.12.2010
Fastafjármunir			
Langtímakrafa vegna Fjölbrautaskóla Suðurnesja	6	53.344.780	128.315.332
Fjárfestingaverðbréf	7	500.000	500.000
Krafa á Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja vegna lífeyrisskuldbindinga	11,13	44.917.235	40.868.543
		<u>98.762.015</u>	<u>169.683.875</u>
Veltufjármunir			
Krafa vegna verkefna	8	16.919.552	6.231.348
Viðskiptakröfur	8	28.543.048	15.209.240
Krafa á tengda aðila	13	96.015.389	95.806.732
Aðrar skammtímakröfur	8	3.578.952	3.971.043
Næsta árs afborganir vegna Fjölbrautaskóla Suðurnesja	6	94.500.000	95.000.000
Handbært fé	8	24.134.315	22.916.572
		<u>263.691.256</u>	<u>239.134.935</u>
Eignir		<u>362.453.271</u>	<u>408.818.810</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2011

Eigið fé og skuldir	Skýr.	31.12.2011	31.12.2010
Eigið fé	9		
Óráðstafað eigið fé		32.089.329	29.176.487
Eigið fé		<u>32.089.329</u>	<u>29.176.487</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	10	56.600.351	134.473.844
Skuldir við lánastofnanir	10	2.925.505	0
Lífeyrisskuldbinding	11	87.059.090	79.211.870
		<u>146.584.946</u>	<u>213.685.714</u>
Skammtímaskuldir			
Skuld vegna verkefna	12	70.692.102	57.309.799
Viðskiptaskuldir	12	12.623.593	11.791.419
Skuld við tengda aðila	13	920.310	2.027.087
Næsta árs afborganir langtímaskulda	12	86.018.817	80.684.307
Aðrar skammtímaskuldir	12	13.524.174	14.143.997
		<u>183.778.996</u>	<u>165.956.609</u>
Skuldir		<u>330.363.942</u>	<u>379.642.323</u>
Eigið fé og skuldir		<u>362.453.271</u>	<u>408.818.810</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2011

	2011	2010
Rekstrarhreyfingar		
Tekjuafgangur/(halli) ársins	2.912.842	(11.207.798)
Hækkun (lækkun) á skuldbindingum	3.798.528	7.523.043
Verðbætur langtímalána	87.952	42.575
Veltufé frá/(til) rekstrar	<u>6.799.322</u>	<u>(3.642.180)</u>
Aðrar rekstartengdar eignir (hækkun) lækkun	(23.629.921)	9.398.067
Rekstartengdar skuldir hækkun (lækkun)	13.594.654	29.201.547
Handbært fé frá/(til) rekstrar	<u>(3.235.945)</u>	<u>34.957.434</u>
Fjárfestingahreyfingar		
Útlagður kostnaður vegna langtímaverkefna	(9.518.781)	(13.123.847)
Afborganir langtímaverkefna	95.000.000	99.122.000
Krafa á tengda aðila lækkun (hækkun)	(208.657)	(11.190.848)
	<u>85.272.562</u>	<u>74.807.305</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Afborganir langtímaskulda	(84.620.006)	(106.048.656)
Nýjar langtímaskuldir	4.907.909	
Skuld við tengda aðila hækkun (lækkun)	(1.106.777)	2.027.087
	<u>(80.818.874)</u>	<u>(104.021.569)</u>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	1.217.743	5.743.170
Handbært fé í upphafi árs	<u>22.916.572</u>	<u>17.173.402</u>
Handbært fé í lok ársins	<u>24.134.315</u>	<u>22.916.572</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum er samband sem var stofnað af sveitarfélögum á Suðurnesjum, Sveitarfélaginu Garði, Grindavíkurbæ, Reykjanesbæ, Sandgerðisbæ og Sveitarfélaginu Vogum.

Tilgangur sambandsins er að vinna að hagsmunamálum sveitarfélaganna og efla og styrkja samstarf þeirra. Í sameiginlegum málum komi það fram fyrir hönd sveitarfélaganna gagnvart ríkisvaldinu og öðrum. Kostnaður við rekstur sambandsins skal greiddur miðað við höfðatölu 1. desember ár hvert.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum fyrir árið 2011 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í íslenskum krónum.

Gerður er sérstakur rekstrarreikningur fyrir Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja og Brunavarnir Suðurnesja. Tekjur og gjöld vegna annarra verkefna á vegum sambandsins eru færð í gegnum rekstrarreikning sambandsins en síðan eru áhrif þeirra færð út undir liðnum "Breyting á útlögðum kostnaði verkefna" og flutt á stöðu verkefna í efnahagsreikningi. Þegar verkefni er að fullu lokið er nettóstaða þess færð í gegnum rekstrarreikning og út úr efnahagsreikningi sambandsins.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Áhættustjórnun

Engir framvirkir gjaldeyrissektasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu.

Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til. Fjármagnskostnaður sem tilheyrir ákveðnum verkefnum er eignfærður og kemur ekki inn í rekstrarreikning sambandsins fyrr en verkefninu er lokið.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Verðbréf

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsverði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Matsbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning meðal eigin fjár á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsverðið með áreiðanlegum hætti eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádrögnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári. Ef lánin tilheyra verkefnum sem haldið er utan við rekstur sambandsins þá er vaxta- og lántökukostnaður eignfærður.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

3. Laun og annar starfsmannakostnaður

	31.12.2011	31.12.2010
Laun	25.528.971	37.925.685
Launatengd gjöld	10.344.968	16.558.364
Annar starfsmannakostnaður	484.993	769.731
Þátttaka annarra í launakostnaði	(12.886.333)	(23.068.526)
Laun og launatengd gjöld verkefna	29.846.031	19.518.575
	<u>53.318.630</u>	<u>51.703.829</u>
Stöðugildi að meðaltali	6,7	6,7

Frá og með ársbyrjun 1990 hefur sambandið annast allar launagreiðslur fyrir sameiginlega skrifstofu þess og Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja. Laun sambandsins og sorpeyðingarstöðvarinnar eru færð í gegnum sameiginlega launareikninga í bókum SSS og launakostnaður stöðvarinnar síðan skuldfærður í viðskiptareikning hennar.

Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda félagsins á árinu 2011 námu 12,5 milljónum króna (16,2 milljónir árið 2010).

Skýringar

4. Fjármunatekjur

Fjármunatekjur vegna verkefna:

	31.12.2011	31.12.2010
Vaxtatekjur verkefna	126.335	9.646
	<u>126.335</u>	<u>9.646</u>

Fjármunatekjur vegna reksturs:

	31.12.2011	31.12.2010
Vaxtatekjur af bankareikningum	107.611	186.683
Vaxtatekjur frá verkefnum	9.996.491	5.329.573
Aðrar vaxtatekjur	261.971	1.166.448
	<u>10.366.073</u>	<u>6.682.704</u>

5. Fjármagnsgjöld

Fjármagnsgjöld vegna verkefna:

	31.12.2011	31.12.2010
Vaxtagjöld verkefna	19.051.124	20.231.418
	<u>19.051.124</u>	<u>20.231.418</u>

Fjármagnsgjöld vegna reksturs:

	31.12.2011	31.12.2010
Vaxtagjöld flutt á verkefni	0	(67.613)
Önnur vaxtagjöld	552.163	2.400.768
	<u>552.163</u>	<u>2.333.155</u>

6. Langtímakrafa vegna Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Á árinu 2003 gaf sambandið út og seldi skuldabréf að nafnverði 500 milljónir króna og eru þau skráð í Kauphöll Íslands. Skuldabréfin eru verðtryggð, bera 5% fasta vexti og ávöxtunarkrafan er 5%. Tilgangur útgáfunnar er að fjármagna viðbyggingu Fjölbrautaskóla Suðurnesja og er skuldabréfalánið með ábyrgð sveitarfélaganna sem standa að Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum. Fyrsti gjalddagi bréfanna var 1. desember 2003, en þau greiðast með 30 afborgunum á þriggja mánaða fresti. Skuldin og endurkrafan eru færðar meðal langtímaskulda og fastafjármuna í efnahagsreikningi sambandsins ásamt áföllnum verðbótum og vöxtum til loka ársins og greinast þannig:

	31.12.2011	31.12.2010
Staða í ársbyrjun	223.315.332	301.738.741
Greiðslur frá sveitarfélögum	(95.000.000)	(99.122.000)
Vextir, verðbætur og annar kostnaður vegna langtímalána	19.529.448	20.698.591
	<u>147.844.780</u>	<u>223.315.332</u>
Næsta árs afborganir	(94.500.000)	(95.000.000)
Fært á meðal fastafjármuna	<u>53.344.780</u>	<u>128.315.332</u>

Skýringar

7. Fjárfestingaverðbréf

	31.12.2011	31.12.2010
Eignarhlutar í öðrum félögum	500.000	500.000
	<u>500.000</u>	<u>500.000</u>
Staða í ársbyrjun	500.000	500.000
Staða í árslok	<u>500.000</u>	<u>500.000</u>
Fært meðal fastafjármuna	500.000	500.000
	<u>500.000</u>	<u>500.000</u>

8. Aðrar peningalegar eignir

Krafa vegna verkefna

	31.12.2011	31.12.2010
Almenningssamgöngur	0	524.756
Atvinnuþróun	0	4.453.722
Heklan - atvinnuþróunarfélag	15.666.682	0
Héraðsnefnd Suðurnesja	54.496	54.496
Æskulýðsmál	1.198.374	1.198.374
	<u>16.919.552</u>	<u>6.231.348</u>

Viðskiptakröfur

	31.12.2011	31.12.2010
Innlendar viðskiptakröfur	36.438.622	22.091.537
Niðurfærsla viðskiptakrafna	<u>(7.895.574)</u>	<u>(6.882.297)</u>
	<u>28.543.048</u>	<u>15.209.240</u>

Skammtímakröfur eru færðar niður um 7,9 milljónir króna í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta skal þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi. Heilbrigðiseftirlitsgjöld, sem eru á vegum Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, eru færð niður um 7,6 milljónir króna en tæpar 300 þúsund krónur eru vegna annara krafna.

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

	31.12.2011	31.12.2010
Staða í ársbyrjun	6.882.297	7.174.652
Tapaðar viðskiptakröfur á árinu.....	(247.843)	(2.834.427)
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu.....	<u>1.261.120</u>	<u>2.542.072</u>
Staða í árslok	<u>7.895.574</u>	<u>6.882.297</u>

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

Skýringar

8. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2011	31.12.2010
Ríkissjóður	3.578.952	3.689.057
Fyrirframgreidd laun	0	210.000
Virðisaukaskattur	0	71.986
	<u>3.578.952</u>	<u>3.971.043</u>

Handbært fé

	31.12.2011	31.12.2010
Bankainnstæður í íslenskum krónum	24.134.315	22.916.572
	<u>24.134.315</u>	<u>22.916.572</u>

9. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1.1.2011	29.176.487
Tekjuafgangur ársins	2.912.842
Eigið fé 31.12.2011	<u>32.089.329</u>

10. Langtímaskuldir

	Skuldir við lánastofnanir		Skuldabréf með ábyrgð sveitarf.	
	31.12.2011	31.12.2010	31.12.2011	31.12.2010
Skuldir í ISK	4.043.796	0	141.500.877	215.158.151
Næsta árs afborganir langtímaskulda	4.043.796	0	141.500.877	215.158.151
	<u>(1.118.291)</u>	<u>0</u>	<u>(84.900.526)</u>	<u>(80.684.307)</u>
Langtímaskuldir í árslok	<u>2.925.505</u>	<u>0</u>	<u>56.600.351</u>	<u>134.473.844</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir	Skuldabréf með ábyrgð sveitarf.
Næsta árs afborganir	1.118.291	84.900.526
Afborganir 2013	1.180.811	56.600.351
Afborganir 2014	1.248.689	0
Afborganir 2015	463.612	0
Afborganir 2016	32.393	0
	<u>4.043.796</u>	<u>141.500.877</u>

Skýringar

11. Skuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar

Sambandið hefur á undanförunum árum greitt iðgjöld til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna hluta af starfsmönnum sínum og starfsmönnum tengdra fyrirtækja.

Eftirlaunagreiðslur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eru miðaðar við fasta fjárhæð frá því þegar fyrsta lífeyrisgreiðslan fer fram en eftir það ber sambandið og fyrirtæki þess ábyrgð á allri hækkun lífeyris. Á félaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna félagsins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Áfallin skuldbinding hefur verið metin af tryggingarstærðfræðingi miðað við árslok 2010 og uppreiknuð miðað við vísitölu lífeyrisskuldbindinga fyrir opinbera starfsmenn til 31. desember 2011 auk 2,5% vaxta. Skuldbindingin fyrir starfsmenn sambandsins nemur 42,1 milljón króna (38,3 milljónir árið 2010) og fyrir starfsmenn Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja 44,9 milljónum króna (40,9 milljónir. árið 2010)eða samtals um 87,1 milljón króna (79,2 milljónir árið 2010) . Hækkun skuldbindingarinnar frá áramótum nam kr. 7.847.220 og greinist þannig að kr. 4.048.692 eru færðar til gjalda í rekstrarreikningi Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja og kr. 3.798.528 eru færðar til gjalda í rekstrarreikningi hjá sambandinu.

12. Aðrar peningalegar skuldir

Skuld vegna verkefna

	31.12.2011	31.12.2010
Almannavarnir	1.272.689	435.455
Almenningssamgöngur	532.367	0
Heilsugæslustöð vegna lífeyrisskuldbindinga	449.396	299.310
Menningarmál	28.518.292	23.184.200
Nefndalaun	4.375.219	4.800.487
Vaxtarsamningur Suðurnesja	33.204.562	26.052.405
Þroskahjálp á Suðurnesjum	4	4
Öldrunamefnd - þjónustuhópur	2.339.573	2.537.938
	<u>70.692.102</u>	<u>57.309.799</u>

Viðskiptaskuldir

	31.12.2011	31.12.2010
Innlendar viðskipaskuldir	12.623.593	11.791.419
	<u>12.623.593</u>	<u>11.791.419</u>

Næsta árs afborganir langtímaskulda

	31.12.2011	31.12.2010
Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	84.900.526	80.684.307
Skuldir við lánastofnanir	1.118.291	0
	<u>86.018.817</u>	<u>80.684.307</u>

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2011	31.12.2010
Áfallnir vextir á skuldir	608.587	896.492
Fjármagnstekjuskattur	62.447	60.753
Ógreidd laun og launatengd gjöld	12.853.140	13.186.752
	<u>13.524.174</u>	<u>14.143.997</u>

Skýringar

13. Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

	Kröfur		Skuldir	
	31.12.2011	31.12.2010	31.12.2011	31.12.2010
Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf.	0	11.600.186	920.310	0
Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja	688.716	0	0	2.027.087
Brunavarnir Suðurnesja	95.326.673	84.206.546	0	0
	<u>96.015.389</u>	<u>95.806.732</u>	<u>920.310</u>	<u>2.027.087</u>
Krafa á HES vegna lífeyrisskuldbindinga	44.917.235	40.868.543		

14. Ábyrgðir og önnur mál

Félagið hefur gert samning um húsaleigu og eru um 9,5 ár eftir af samningstímanum.